

1. Almennt

Arnarlax ehf. (kt. 580310-0600), Strandgötu 1, 465 Bíldudalur, sækir um endurnýjun á rekstrarleyfi vegna 1.500 tonna hámarkslífmassa fyrir sjókvíaeldi á laxi í Fossfirði í Arnarfirði (FE-1204). Arnarlax sótti um endurnýjun þann 11. febrúar 2021.

Matvælastofnun staðfestir að móttækin eru þau gögn sem stofnunin óskaði eftir vegna endurnýjunar rekstrarleyfis Arnarlax ehf. skv. 14. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 19. september til 17. október 2022 og barst engin athugasemd vegna tillögunnar. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér gögn málsins og telur þau lögmætan grundvöll til endurnýjunar rekstrarleyfis.

2. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um endurnýjun rekstrarleyfis til Arnarlax ehf. í Fossfirði. Rekstrarleyfið heimilar 1.500 tonna hámarkslífmassa af laxi í Fossfirði. Rekstrarleyfið nær til kynslóðaskipts sjókvíaeldis í Fossfirði á einni staðsetningu

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga og reglugerðar um fiskeldi og gildir til gildir til 19. október 2038

Selfossi, 19. október 2022